

Þinggerð
48. ársþings Glímusambands Íslands
Reykjavík 3. mars 2012

48. ársþing Glímusambands Íslands

Haldið í Reykjavík 3. mars 2012

Dagskrá:

1. Þingsetning.
2. Kosin kjörbréfanefnd.
3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins.
4. Kjörnar aðrar nefndir:
 - a) Fjárhagsnefnd.
 - b) Laganefnd.
 - c) Allsherjarnefnd.
5. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína.
6. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
7. Ávörp gesta.
8. Umræður um skýrslu og reikninga.
9. Reikningar bornir upp til samþykktar.
10. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun næsta ár.
11. Lagðar fram lagabreytingar þær sem fram hafa komið.
12. Teknar til umræðu tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnar og einnig mál er þingfulltrúar vilja koma á framfæri
- Þinghlé -
13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla um þær.
14. Ákveðið gjald ævifélaga.
15. Kosning stjórnar, varastjórnar, skoðunarmanna, varaskoðunarmanna og fulltrúa á íþróttþing.
16. Kosnir þrír menn í aganefnd og þrír til vara.
17. Önnur mál.
18. Þingslit.

1. Þingsetning

Þingið fór fram í sal ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. **Ólafur Oddur Sigurðsson**, formaður Glímusambands Íslands, setti þingið stundvíslega kl. 17.30. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna og gekk síðan beint til dagskrár.

2. Kosin Kjörbréfanefnd

Ólafur Oddur lagði til þrjá menn í kjörbréfanefnd, þá Sigurjón Leifsson, Helga Bjarnason og Guðmund Stefán Gunnarsson. Var það samþykkt og tók nefndin þegar til starfa.

3. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

Þá lagði **Ólafur** til að starfsmenn þingsins yrðu þeir Sigmundur Stefánsson þingforseti og Jón M. Ívarsson þingritari. Varaþingforseti yrði Kristján Yngvason og varaþingritari Snær Seljan Þóroddsson. Var það samþykkt og tóku þeir þegar til starfa. Var þá búið að afgreiða fyrstu þrjá liði dagskrárinnar.

4. Kjörnar þingnefndir

Þingforseti, **Sigmundur Stefánsson**, las upp tillögur stjórnar að nefndum þingsins:
Fjárhagsnefnd: Atli Már Sigmarsson, Snær Seljan Þóroddsson og Sigurbjörg Hjaltadóttir.
Laganefnd: Kjartan Lárusson, Ásmundur Ásmundsson og Gunnar Brynjarsson.
Allsherjarnefnd: Hermann Níelsson, Sabína Steinunn Halldórsdóttir og Jóhann Pálmason.
Voru þau öll samþykkt.

5. Skýrsla stjórnar

Ólafur Oddur Sigurðsson, flutti skýrsluna. Hún lá frammi prentuð, 100 bls. að stærð í A4 broti í samantekt Ólafs. Ólafur las ávarp sitt í skýrslunni og fór síðan skipulega yfir efni hennar. Þar kom fram gróskumikið starf GLÍ, einkum voru erlend samskipti lífleg. Fjölgun hafði orðið í keppendahópnum. Hann þakkaði samstarfsmönnum og hrósaði Kjartani Lárussyni, formanni GDÍ fyrir trausta vinnu og óeigingjarnt starf. Benti á að nú væru reikningar hafðir aftast í skýrslunni sem væri nýmæli.

6. Reikningar lagðir fram

Snær Seljan Þóroddsson, gjaldkeri GLÍ, las upp reikninga og skýrði þá um leið. GLÍ hefur fengið endurskoðanda til starfa sem léttir miklu starfi af gjaldkeranum. Rekstrarhagnaður ársins var rúmar tvær milljónir sem telst mjög gott á hinum síðustu og ekki allra bestu fjárhagstímum. Enda útgjöld mjög hógvæð miðað við það mikla starf sem unnið er. Eignastaðan var góð, tæpar sex milljónir en skuldir ekki teljandi. Stjórnin skilaði góðu búi en markmið hennar er að eiga fyrir hlutunum.

7. Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ, kom upp og þakkaði góðar óskir á 100 ára afmæli ÍSÍ nýverið. Sagðist alltaf kunna vel við sig í hópi glímumanna, þar væri gott að vera og heimilislegt andrúmsloft. Hrósaði skýrslunni sem hann taldi til fyrirmyndar. Taldi mikilvægt hve sagan væri vel skráð þar. Fannst til um hversu vel var haldið á fjármálum sambandsins. Reikningar vel upp settir, bæði umbúðir og innihald. Taldi GLÍ vel sett á niðurskurðartímum ríkisvaldsins að fá þó það í sinn hlut sem það fær. Hann kallaði til sín þingforsetann, Sigmundur Stefánsson og sæmði hann gullmerki ÍSÍ fyrir vel unnin störf í þágu íþróttanna. Sigmundur þakkaði Ólafi fyrir uppörvandi orð til glímunnar og þann heiður sem sér væri sýndur.

7a Álit kjörbréfanefndar

Sigurjón Leifsson lagði fram álit kjörbréfanefndar. Sjö sambandsaðilar voru mættir á glímuping. Þeir áttu rétt á 38 fulltrúum og voru 23 þeirra mættir. Enginn þeirra nema HSK hafði óskað þess að nýta undanþágu í lögum GLÍ sem leyfir að þingfulltrúar fari með fleiri en eitt atkvæði. Nefndin ákvað að synja HSK um þessa undanþágu því hún gildi aðeins ef langt og dýrt væri að sækja þingið og því væri alls ekki svo farið hjá HSK. Sigurjón las nöfn viðstaddra fulltrúa en það voru þessir:

HSK átti rétt á 11 fulltrúum, 5 voru mættir:

1. Sigmundur Stefánsson
2. Kjartan Lárusson
3. Jón M. Ívarsson
4. Ólafur Oddur Sigurðsson
5. Sabína Steinunn Halldórsdóttir

HSP átti rétt á 2 fulltrúum, 2 voru mættir:

1. Kristján Yngvason
2. Gunnar Brynjarsson

UÍA átti rétt á 9 fulltrúum, 3 voru mættir:

1. Ásmundur Ásmundsson
2. Sigurbjörg Hjaltadóttir
3. Atli Már Sigmarsson

HSV átti rétt á 4 fulltrúum, 3 voru mættir:

1. Sigurður Bjarki Guðbjartsson
2. Hákon Óli Sigurðsson
3. Hermann Níelsson

UDN átti rétt á 3 fulltrúum, 2 voru mættir:

1. Jóhann Pálmason
2. Sólveig Rós Jóhannsdóttir

Umf.N átti rétt á 2 fulltrúum, 1 var mættur:

1. Guðmundur Stefán Gunnarsson

ÍBR átti rétt á 7 fulltrúum, 7 voru mættir og einn varamaður:

1. Hörður Gunnarsson Hjörleifur Pálsson varamaður
2. Sigurjón Leifsson
3. Rögnvaldur Ólafsson
4. Garðar Erlendsson
5. Helgi Bjarnason
6. Óttar Ottósson
7. Snær Seljan Þóroddsson

Sem fyrr segir voru 23 fulltrúar mættir og einn varamaður. Kjörbréf voru samþykkt án athugasemda. Alls voru 25 einstaklingar staddir á glímupingi.

8. Umræður

Þá hófust umræður um skýrslur og reikninga.

Kjartan Lárusson þakkaði góða skýrslu en það væri reyndar venjan hjá GLÍ. Var ánægður að sjá hina góðu fjárhagsstöðu. Sem skoðunarmaður gerði hann athugasemd og vildi fá sundurliðun á hversu kynningar væru stór hluti launakostnaðar. Gjaldkeri benti honum snarlega á að það kæmi fram í skýringum. En Kjartan átti síðasta orðið og benti á að stjórn ætti öll að skrifa undir reikningana, ekki bara formaður og gjaldkeri. Var það viðurkennt.

Ólafur Oddur Sigurðsson kom upp og skýrði betur ýmsar hliðar reikninganna sem voru nú settir upp nokkuð breyttir frá fyrra ári.

Rögnvaldur Ólafsson þakkaði skýrsluna. Hann gerði athugasemd við að stelpa glímdi með strákaflokki í Flokkaglímu Reykjavíkur í haust. Minnti á að blönduð keppni væri bönnuð í glímu. Benti einnig á misræmi í heitum flokka í Sveitaglímu Íslands 15 ára og yngri.

Hörður Gunnarsson óskaði Sigmundi til hamingju með heiðurinn eins og reyndar fyrri ræðumenn. Taldi erfitt að gera athugasemdir við skýrsluna þar sem þingfulltrúar hefðu ekki séð hana fyrr en við þingbyrjun. Ítrekaði orð Rögnvaldar að: „blönduð keppni í glímu er bönnuð.“ Hann sagði lítið hægt að finna að skýrslunni sem betur færi, en bætti við: „Okkur verður öllum á sem betur fer.“ Vildi láta lagfæra orðalag í síðustu þinggerð og ræddi það nokkuð. Benti á að utanferðir væru dýrar og ferðakostnaður hátt hlutfall af heildarútgjöldum. Sagðist myndu láta þetta duga í bili en væri alls ekki hættur athugasemdum.

Sigmundur Stefánsson þingforseti minnti á að verið væri að ræða skýrslu og reikninga en ekki síðustu þinggerð.

Sabína Steinunn Halldórsdóttir taldi verða að horfa til framtíðar með blandaða keppni og var ósammála athugasemdum Rögnvaldar og Harðar. „Ef þetta er það eina sem hægt er að kvarta yfir erum við ekki á réttri leið,“ sagði hún.

Hermann Niélsson taldi að Hörður og Rögnvaldur væru tæplega mjög vinsælir hjá femínistafélaginu núna. Var sammála Sabínu hvað sem öllum gömlum lögum liði. Við yrðum að horfa í gegnum fingur með svona lagað.

Rögnvaldur Ólafsson kom í ræðustól og var harðorður. „Ef þið viljið breyta lögum þá gerið það á glímuþingi. Brjótíð ekki fyrst og breytið svo.“ Honum þótti orð manna vera kaldar kveðjur til sín því hann hefði unnið manna mest að því að koma konum inn í glímuna.

Hörður Gunnarsson bað menn að blanda ekki saman kvenréttindum og glímulögum. Þótt menn vildu skora hátt hjá kvenþjóðinni þá brytu menn ekki glímulög. Okkur ber að fara eftir þeim þótt þau séu kannski ekki eins og við vildum hafa þau.

Ólafur Oddur Sigurðsson benti á að í flokki 12 ára og yngri í Bikarglímu Biskupstungna hefði einn strákur glímt með fjórum stelpum. Vildi að menn leituðu leiða til að laga þetta.

Kristján Yngvason taldi að þótt þetta bann við blandaðri keppni hefði verið sett í lög fyrir 50 árum væru tímarnir breyttir núna. Svo væri blönduð keppni leyfð í ýmsum íþróttum.

Jón M. Ívarsson kom upp og kvaðst ekki geta orða bundist. Rifjaði hann upp þegar hann og Rögnvaldur Ólafsson, ásamt fleirum í stjórn Glímusambandsins, stigu það skref fyrir meira en 20 árum að koma konum inn í glímuna þá fengu þeir á sig kærur til Jafnréttisráðs þegar þeir

leyfðu ekki stúlku að glíma við drengi í Meistaramótinu. Það sagði hann að hefði verið í hæsta máta ómaklegt og á misskilningi byggt. Taldi lítið mál þótt börn kepptu saman í yngstu flokkum án stigakeppni en það menn þess lengstra orða að láta sér ekki detta í hug að fara að breyta glímulögum hvað þetta varðaði því það væri argasta misrétti gagnvart konum.

Kjartan Lárusson tók undir orð Jóns. Þetta væru heldur ekki 50 ára gömul lög heldur hefði þetta ákvæði komið inn í lögina árið 1988 þegar Rögnvaldur Ólafsson hafði frumkvæði að glímukeppni kvenna. Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs um skýrslu og reikninga.

9. Reikningar samþykktir

Reikningar voru síðan bornir upp og samþykktir samhljóða.

9a Heiðranir

Ólafur Oddur Sigurðsson bað nú forseta ÍSÍ að koma upp og aðstoða sig við að heiðra þrjá einstaklinga. Lýsti hann síðan ágæti þeirra en nafni hans nældi merkjum í barm viðkomandi.

Snær Seljan Þóroddsson hlaut bronsmerki GLÍ. Hann hefur starfað mikið fyrir GLÍ, þrátt fyrir ungan aldur og getið sér gott orð sem þjálfari.

Jóhann Pálmason hlaut gullmerki GLÍ. Hann hefur ótrúlega lengi borið uppi glímustarfið í heilu héraði, nefnilega Dölunum. Fyrst sem áhugasamt foreldri en þegar hans eigin börn hurfu af vettvangi hélt hann áfram og það þótti Ólafi einna aðdáunarverðast.

Sigurjón Leifsson hlaut gullmerki GLÍ. Ólafur sagði að Sigurjón hefði verið búinn að starfa lengi þegar hann sjálfur fór að koma á mótin fyrir 30 árum og væri enn að. Einn okkar farsælasti dómari. Kvaðst Ólafur hafa lært margt af Sigurjóni. Var þremmenningunum fagnað vel og lengi.

10. Fjárhagsáætlun lögð fram

Ólafur Oddur fylgdi henni úr hlaði og sagði allt á svipuðum nótum og fyrr. Niðurstöðutölur voru 7,9 milljón króna ársvelta. Vísað til fjárhagsnefndar.

11. Lagabreytingar

Ólafur Oddur lagði fram þingskjöl nr. 4 og 5 til lagabreytinga. Vísað til laganefndar.

12. Aðrar tillögur

Ásmundur Ásmundsson lagði fram tillögu frá sér og Þóroddi Helgasyni um stofnun glímusýningarflokks. Með fylgdi býsna löng greinargerð. Merkt sem þingskjál nr 6 og vísað til allsherjarnefndar.

Kjartan Lárusson lagði fram tillögu frá sér og Jóni M. Ívarssyni um breytingu á reglugerð um meistaramót. Skírt þingskjál nr 7 og vísað til laganefndar. Þingforseti leitaði afbrigða með tvær síðustu tillögurnar sem þingheimur veitti fúslega. Var svo gefið þinghlé kl. 19.20.

Þinghlé

13 og 14. Álit nefnda

Veitingar voru fram bornar í þinghléi og einnig störfuðu nefndir af krafti. Var aftur sest að þingstörfum kl. 19.50. Var þá tekið til við afgreiðslu mála.

Atli Már Sigmarsson mælti fyrir álitni fjárhagsnefndar og lagði fram fjárhagsáætlun óbreytta.

Þingskjal nr 1

48. Glímuþing í Reykjavík 3. mars 2012

Tillaga að fjárhagsáætlun 1/1 til 31/12 2012

	Gjöld	Tekjur
Fjárveiting til glímukynninga		3.600.000
Tekjur af Lottó		1.200.000
Sérsambandastyrkur		1.220.000
ÍSí, útbreiðslustyrkur		1.200.000
Tekjur af glímumótum		400.000
Styrkir		200.000
Aðrar tekjur		100.000
Glímukynning	4.800.000	
Glímumót	700.000	
Erlend samskipti	500.000	
Skrifstofukostnaður	700.000	
Húsaleiga	360.000	
Ársskýrsla og þinghald	350.000	
Kaup á beltum og skóm	150.000	
Ýmis kostnaður	360.000	
Alls kr.	7.920.000	7.920.000

Fjárhagsáætlun samþykkt einróma.

Þingskjal nr 2

48. Glímuþing í Reykjavík 3. mars 2012

Stjórn Glímusambands Íslands leggur til að gjöld ævifélaga árið 2012 verði kr. 10.000.

Reykjavík 3. mars 2012
Stjórn GLÍ

Þingskjal nr 2 samþykkt einróma.

Kjartan Lárusson lagði fram álit laganefndar.

Þingskjal nr 4

Tillaga til breytinga á lögum Glímusambands Íslands lögð fram á 48. ársþingi GLÍ 3. mars 2012

8. gr., 1. mgr. 2. ml. orðist svo:

„Stjórn hvers héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur glímu innan sinna vébanda sbr. 2. gr., skal eiga rétt á einum fulltrúa með atkvæðisrétti á Glímuþingi.“

Reykjavík 3. mars 2012 Stjórn GLÍ

Greinargerð:

Rétt þykir að skerpa á því að hvert íþróttahérað innan GLÍ eigi rétt á að senda a.m.k. einn fulltrúa á glímuþing og því er þetta ákvæði fært til samræmis við lög ÍSÍ. Er það gert til að koma í veg fyrir þann misskilning að hvert félag hafi þennan rétt. Gildandi lagaákvæði hljóðar svo: „Hvert aðildarfélag sambandsins hefur rétt til að senda einn fulltrúa með atkvæðisrétti á Glímuþing.“

Kjartan sagði nefndarmenn líta svo á að þetta sé snobbtillaga ættuð frá ÍSÍ og til þess ætluð að formenn sambanda geti mætt á þing þegar þeim lítist svo. Nefndarmenn lögðu til að tillagan yrði felld.

Ólafur Oddur Sigurðsson „Snobb er orðið og orðið var hjá Kjartani Lárussyni.“ Ólafur sagði að þessi tillaga væri fram komin eftir bréflegum tilmælum frá ÍSÍ til samræmis við lög þeirra. Hann taldi fara best á því að menn dansi sama taktinn í hringdansinum. Lagði til að við færum eftir lögum ÍSÍ og samþykktum tillögunu.

Hörður Gunnarsson taldi tillögunu byggjast á misskilningi en líklegast yrðu menn að breyta þessu til að halda friðinn. Vitnaði Hörður til umræðna um þessi mál allt frá upphafi GLÍ. Lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Kjartan Lárusson sagði gott að fá umræðu um þetta mál. Þetta breytti reyndar engu um tölu þingfulltrúa. Sér væri að meinalausu hvort tillagan yrði samþykkt eða felld en hann myndi greiða atkvæði gegn henni.

Kristján Yngvason „Við eigum engan annan kost en að samþykkja þetta því við erum aðilar að ÍSÍ.“

Tillagan borin upp til atkvæða og samþykkt 14:2 (rétt eins og á Idrætsparken 1967.)

Þingskjal nr 5

Tillaga til breytinga á lögum Glímusambands Íslands lögð fram á 48. ársþingi GLÍ 3. mars 2012

6. gr., 1. mgr. 6. ml. orðist svo:

„Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þing skal stjórn sambandsins senda sambandsaðilum lagabreytingatillögur og drög að ályktunum sem henni hafa borist.“

Reykjavík 3. mars 2012
Stjórn GLÍ

Greinargerð:

Þetta ákvæði er fært til samræmis við lög GLÍ. Gildandi lagaákvæði hljóðar svo: „Tíu dögum fyrir þing skal stjórn sambandsins senda sambandsaðilum lagabreytingatillögur og drög að ályktunum sem henni hafa borist.“

Kjartan Lárusson sagði nefndina leggja til viðbót við tillöguna á þá leið:

„Einnig skal hún birta ársskýrslu GLÍ á heimasíðu sinni á sama tíma.“

Kristján Yngvason lagði til að viðbótin yrði sjálfstæð tillaga. Það væri óvarlegt að binda hendur stjórnar því verið gæti að ársskýrslan væri ekki tilbúin á þessum tíma.

Ólafur Oddur Sigurðsson taldi þetta góða ábendingu hjá Kristjáni. Þetta mætti gjarnan vera vinnuregla án þess að vera bundin í lögum.

Ásmundur Ásmundsson var hlynntur viðbótartillögunni. Taldi nauðsynlegt að þingfulltrúar hefðu tæk á að kynna sér efni ársskýrslunnar fyrir en um leið og þeir mættu á þingið. Það væri hugmyndin með þessari tillögu.

Kjartan Lárusson benti mönnum á að leggja fram breytingartillögu ef þeir vildu breyta framkvæmd þessa máls.

Sigurjón Leifsson kom með fyrirspurn: „Hvenær fór skýrslan í prentun?“

Ólafur Oddur Sigurðsson upplýsti að það hefði gerst fyrir tveimur vikum.

Kjartan Lárusson lagði fram eftirfarandi breytingu við viðbótartillöguna:

„Einnig skal hún birta ársskýrslu GLÍ á heimasíðu sambandsins um leið og hún fer í prentun.“

Breytingatillagan þannig borin fram og samþykkt 12:2. Tillagan borin fram í heild sinni og samþykkt 14:2.

Þingskjal nr 7

48. ársþing Glímusambands Íslands haldið í Reykjavík 3. mars 2012

Skorar á stjórn GLÍ að samþykkja eftirfarandi breytingu á „Reglugerð um Meistaramót Íslands / Íslandsmót í glímu 17 ára og eldri:“ (feitletrun bætist framan við)

- 4.5. **Séu tveir eða fleiri jafnir að stigum sigrar sá sem hefur tekið þátt í færri mótum.** Séu þeir enn jafnir sigrar sá sem hefur fleiri 1. sæti, annars fleiri 2. sæti o.s.frv. Séu þeir enn jafnir gilda innbyrðis viðureignir þeirra úr öllum mótunum. Séu þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

Kjartan Lárusson og Jón M. Ívarsson.

Greinargerð:

Sá sem nær jafngóðum árangri og næsti maður með minni þátttöku hlýtur að teljast hafa staðið sig betur og á að njóta þess. Við teljum að þessi reglugerðarbreyting muni stuðla að því.

Kjartan Lárusson sagði kveikjuna að þessari tillögu sem varð til fyrr um daginn vera þá að það var verið að afhenda heildarverðlaun á Meistaramóti og þá voru menn dæmdir jafnir. Flutningsmenn hefðu viljað lagfæra þann ágalla. Svo hefði komið í ljós að þetta hefðu verið mistök mótshaldara. Reglugerðin væri fullnægjandi og breytingin óþörf. Hann myndi því í samráði við meðflutningsmann sinn draga tillöguna til baka.

Jón M. Ívarsson sagði ágætt að mótshaldarar gerðu sér að reglu að fara eftir eigin reglugerðum. Sagði að þeir Kjartan hefðu náð tilgangi sínum sem var að vekja athygli á þessari handvömm með von um að það gerðist ekki aftur.

Hermann Níelsson bar fram málefni Allsherjarnefndar. Þingskjöl nr 3 og 6.

Þingskjal nr 3

48. ársþing GLÍ haldið í Reykjavík 3. mars 2012

Felur stjórn GLÍ að semja við fjölskyldu Más Sigurðssonar á Geysi í Haukadal um varðveislu Grettisbeltisins þar sem það yrði til sýnis í öryggisskáp í nýjum húsakynnum sem verið er að reisa þar og er meðal annars hannað sem glímusetur.

Ólafur Oddur Sigurðsson

Þingskjal nr. 6

Stofnsetning glímusýningarhóps

Ársþing GLÍ samþykkir að stjórn GLÍ óski eftir fundi með iðnaðarráðherra til þess að ræða hugmynd að stofnun glímusýningarhóps til eflingar íslenskrar ferðaþjónustu.

Greinargerð:

Stöðugt fleiri erlendir ferðamenn heimsækja Ísland og mikilvægt er að geta kynnt þeim fyrir íslenskri þjóðmenningu. Íslenska glíman er ein af þeim perlum sem þjóðin á og mikilvægt að varðveita hana og vekja athygli erlendra ferðamanna á henni.

Hugmyndin er að GLÍ stofni fjögurra manna glímusýningarhóp sem fyrst í stað starfi í tvo mánuði yfir sumarið og haldi reglulegar sýningar fyrir ferðamenn og aðra þá sem áhuga hafa. GLÍ býðst til að setja á fót fróðlega, fjöruga og skemmtilega sýningu þar sem farið væri í sögu glímunnar og kynningu á íþróttinni. Iðnaðarráðuneytið og GLÍ stæðu sameiginlega að kostnaði við vinnu glímusýningarhópsins sem áætlaður er kr. 400.000 á hvern glímumann á mánuði í laun og launatengd gjöld eða samtals 1,6 milljónir á mánuði og 3,2 milljónir fyrir tvo sumarmánuði auk 0,4 milljóna í ferðakostnað. Samtals 3.6 milljónir. Glímuhópurinn myndi selja inn á sýningar. Ef sýningar væru annan hvern dag, eða 30 sýningar, aðgangseyrir 2000 kr og að meðaltali 20 á hverri sýningu gætu tekjur af aðgangseyri verið 1,2 milljónir. Stjórnarráð Íslands hefði möguleika á að kalla til glímuflokkinn við hátíðleg tækifæri eins og við opinberar heimsóknir. Ef slíkar sýningar væru 10 yfir sumarið og hver sýning á 40.000 kr næðust inn tekjur fyrir 0,4 milljónir. Afgangurinn eða 2 milljónir myndu Iðnaðarráðuneytið og GLÍ greiða að jöfnu og líta á upphæðina sem kynningarstyrk fyrir íslenska glímu og íslenska þjóð.

Ásmundur Ásmundsson og Þóroddur Helgason.

Ásmundur Ásmundsson benti á að Freyjumenið væri elsti verðlaunagripur kvenna og ætti líka að vera geymt í Haukadál og fólki sýnilegt. Öryggi gripanna yrði að vera mjög vel tryggt. Ræddi einnig kostnað við glímusýningarflokk.

Sigurjón Leifsson sagði varðveislur Grettisbeltisins lengi hafa verið vandræðamál. Að Geysi koma 500 þúsund ferðamenn árlega. Athuga þyrfti hvort lög um fornminjar giltu um Grettisbeltið sem væri meira en 100 ára. Verðum að athuga hvort okkur er leyfilegt að geyma beltið þarna.

Kjartan Lárusson var sammála mönnum um fornminjagildi og öryggismál. Sagði að enginn staður á landinu tengdist glímuni meira en Haukadalur. Taldi óþarfa að hafa hina löngu greinargerð Austfirðinga um sýningarflokkinn í þinggerðinni.

Hörður Gunnarsson vildi nota varlegra orðalag í þingskjali 3. Til dæmis *heimila* í stað *fela*. Svo mætti koma með niðurstöðuna á næsta glímuþingi.

Sigmundur Stefánsson þingforseti bað um skriflega breytingartillögu.

Óttar Ottósson benti á að stjórnin réði sjálf hvað hún gerði í þessum málum.

Ólafur Oddur Sigurðsson vildi skýra þetta mál. Taldi ekki flókið að kanna atriði málsins. Upplýsti að verið væri að byggja veitingahús í Haukadál sem verður nokkurs konar glímusetur. Hann sagði að þarna ætti ekki aðeins að vera beltið, heldur líka allir silfurskildirnir sem fylgja því. Svo væri þarna gott pláss fyrir Freyjumenið líka. Hann sagði frá því að Ásgeir Reynisson gullsmiður sem gerði Freyjumenið væri tilbúinn að gera tilboð í endurgerð Grettisbeltisins. Mótin væru til á skrifstofu GLÍ, gefin af velunnurum.

Ólafur taldi að stjórnin byði sig fram til verka af ábyrgð. Það væri ekkert sjálfgefið að fá svona tækifæri eins og í Haukadál til að auglýsa glímuna. „Þegar tækifærin koma eigum við að grípa þau,“ sagði Ólafur að lokum.

Hörður Gunnarsson vildi að þingið tæki á sig ábyrgðina. Stjórnin myndi vinna að málinu og leggja það fyrir þing að ári.

Sigurður Bjarki Guðbjartsson sagðist treysta stjórninni fullkomlega til að ráða fram úr þessu máli.

Jón M. Ívarsson upplýsti að í reglugerð um Grettisbeltið væri ákvæði þess efnis að beltið skuli vera í vörslu GLÍ en þó almenningi til sýnis. Eftir þessu hefði aldrei verið farið og stjórnarmenn GLÍ hefðu seint og snemma haft áhyggjur af því að eitthvað gæti komið fyrir beltið: Eldsvoði, skemmdarverk, slys eða þjófnaður, möguleikarnir væru margir. Á Haukadal yrðu góðar öryggisráðstafanir og skoraði hann á menn að samþykkja tillöguna óbreytta.

Kjartan Lárusson kom upp og kvaðst að öllu leyti sammála Jóni.

Þingskjal nr 3 borið upp til atkvæða og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Þingskjal nr 6 borið upp og samþykkt einróma.

15 og 16. Kosningar

Næst fóru fram kosningar. Þingforseti las upp tillögur um menn. Mótframboð komu engin fram og urðu allir sjálfkjörnir og fagnað með lófaklappi.

- | | | |
|----|----------------------------|--|
| a) | Formaður GLÍ: | Ólafur Oddur Sigurðsson. |
| b) | Aðrir stjórnarmenn: | Snær Seljan Þóroddsson, Ingibergur Jón Sigurðsson, Atli Már Sigmarsson og Hugrún Geirsdóttir. |
| c) | Varastjórn: | Jón Smári Eyþórsson, Guðmundur Stefán Gunnarsson og Helgi Bjarnason. |
| d) | Skoðunarmenn:
Varamenn: | Kjartan Lárusson og Sigurjón Leifsson.
Garðar Erlendsson og Sýlvía Sigurðardóttir. |
| e) | Aganefnd:
Varamenn: | Jóhannes Sveinbjörnsson, Sigmundur Stefánsson og Kristján Yngvason.
Þóroddur Helgason, Jón Birgir Valsson og Árni Unnsteinsson. |

17. Önnur mál

Hermann Nielsson kynnti Íslandsglímuna sem verður haldin á Ísafirði 14. mars næstkomandi. Það átti að halda Íslandsglímuna á Ísafirði 1913 en fórst fyrir en nú mun það takast eftir 99 ár. Hann sagði frá því að 11 ár væru síðan glíman var endurvakin á Ísafirði og þetta væri meðal annars árangurinn. Glíman ætti nú mikinn hljómgrunn á Ísafirði. Starfsnefnd hefur verið að störfum síðan í haust og stefnir að veglegri framkvæmd eins og menn munu komast að raun um. Bauð hann síðan alla viðstadda velkomna vestur til að vera við Íslandsglímuna.

Kjartan Lárusson óskaði stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Minnti á að aðalfundur GDÍ verður á Suðureyri föstudagskvöldið 13. apríl. Hann sagðist hlakka til að fara vestur og þakkaði Hermanni heimboðið.

Sigurjón Leifsson lýsti efasemdum um það fyrirkomulag að hafa mörg mót samtengd Íslandsglímunni. Fannst honum það draga úr gildi hennar.

Hörður Gunnarsson tók í sama streng. „Íslandsglíman setur niður ef hún er ekki aðalmálið þá helgi sem hún er haldin.“ Hann vildi halda þeirri tilhögun sem áður var í gildi að Íslandsglíman væri síðasta mót vetrarins og lokahófið ætti að fylgja henni. Annars væri hætta á að það félli niður eins og gerðist á síðasta ári.

Sigurður Bjarki Guðbjartsson sagði: „Virðing er viðhorf.“ Hann sagði að það þyrfti að innræta börnum virðingu fyrir glímunni og það að kynna þau fyrir Íslandsglímunni væri mjög gott tækifæri til þess.

18. Þingslit

Ólafur Oddur Sigurðsson fékk orðið þegar klukkan var orðin rúmlega níu að kvöldi. Hann þakkaði traustið sem honum væri sýnt með formannskjöri. Sagðist hafa verið lítt undir það búinn þegar hann tók við embættinu í fyrsta sinn en væri nú orðinn sjóaðri. Hann sagðist á yngri árum hafa verið kappsamur, stundum heldur um of en hefði lært að rétt væri að gaumgæfa hlutina og gefa þeim tíma. Nú ríkti ágæt sátt innan glímuheimsins og væri það vel. Gaman yrði að hittast á Ísafirði og sjá hvað heimamenn hefðu fram að færa en kvaðst eiga von á góðu eftir fyrri reynslu. Sagðist hlakka til að starfa með öllum viðstöddum áfram og þakkaði starfsmönnum þingsins góð störf. Óskaði síðan þingfulltrúum góðrar heimferðar og sagði 48. glímupingi slitið.

Jón M. Ívarsson
Þingritari